

## Rekstrardagbók fyrir byggingakrana

Skráningarnr. krana: AB			
Tegund:		Gerð:	
Raðnr:		Árgerð:	
Mesta lyftigeta:	tonn	Mesta lyftigeta í bómuenda:	tonn

### Rekstrardagbók skal halda fyrir alla krana með skráningarbókstöfunum AB

Eigandi krana, umráðamaður, stjórnandi eða annar hæfur aðili, sem eigandi tilnefnir, skal sjá um að skrá í rekstrardagbók (loggbók) þær upplýsingar um kranann sem formið hér að ofan gefur til kynna.

Það sama gildir um skráningu þeirra atriða sem tilgreind eru hér á eftir í rekstrardagbókina.

#### Í rekstrardagbók skal skrá eftirfarandi:

- Allt reglubundið eftirlit sem mælt er fyrir um í handbókum frá framleiðanda viðkomandi krana og niðurstöður þessa eftirlits.
- Allt viðhald, s.s. fyrirbyggjandi viðhald, viðgerðir vegna bilana, öll víraskipti og aðrar endurnýjanir á búnaði.  
Víravottorð fyrir alla víra sem skipt hefur verið um skal fylgja bókinni.
- Allar uppsetningar á vinnustað og einnig hvar, hvenær og við hvaða verkefni er unnið.
- Allar breytingar á búnaði krana.
- Hæð masturs og lengd bómu.
- Færslu brautar og breytingar á undirstöðu.
- Annað, ef við á að mati stjórnanda eða umráðamanns.

#### Þeir sem sjá um eftirlit, viðhald og viðgerðir skulu hafa sérþekkingu á viðkomandi sviði.

Verði slys, óhöpp eða næstum því slys vegna notkunar krana skal skrá það í rekstrardagbókina. Verði slys eða óhapp skal hafa samband við slysavakt Vinnueftirlitsins.

Fyrirmæli um rekstrardagbók og skráningu í hana eru byggð á 10. gr. reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006.

Rekstrardagbókin skal vera í krananum eða í vörslu stjórnanda hans. Stjórnandi krana skal sjá til þess að rekstrardagbókin sé ávallt tiltæk fyrir eftirlitsmann Vinnueftirlitsins til skoðunar.

Eigandi/stjórnandi krana er ábyrgur fyrir því að öll tilgreind atriði séu færð í rekstrardagbók og að þær færslur séu réttar. Einnig skal skrá önnur þau atriði sem varða öryggi við notkun krana og úrbætur á þeim.

Eftirlitsmaður Vinnueftirlitsins skal skoða allar nýjar færslur í rekstrardagbókina frá síðustu heimsókn og staðfesta það með undirskrift sinni.

Hægt er að nálgast þessa síðu og önnur blöð í rekstrardagbók á heimasíðu Vinnueftirlitsins, [www.vinnueftirlit.is](http://www.vinnueftirlit.is)

